



Atvinnuleysi hefur ekki aukist eins mikið og ætla mátti samkvæmt tölum Hagstofunnar

Fólki á vinnumarkaði fjölgar hægar en áður

Samkvæmt niðurstöðum vinnumarkaðskönnunar Hagstofunnar er áætlað að um 207 þús. manns hafi verið á vinnumarkaði í desember 2019, sem jafngildir 81% atvinnuþátttöku. Af þeim voru u.þ.b. 201 þús. starfandi og 6.700 atvinnulausir. Starfandi fólki fjölgaði að meðaltali um 2.600 manns á milli árunna 2018 og 2019 eða um 1,3%. Þetta er mun minna en fjölgunin árið á undan þegar hún var 2,3%.




Mismunandi merki um atvinnuleysi

Eins og áður segir voru 6.700 manns atvinnulausir í desember samkvæmt vinnumarkaðskönnun, eða um 3,2% af vinnuafli sem er 1,8 prósentustigum hærra en í desember árið áður. Samkvæmt árstíðarleiðrétum tölum Hagstofunnar var fjöldi atvinnulausra 7.300 í desember eða 3,9% af vinnuaflinu sem er 2,2 prósentustigum hærra en sama mánuð árið áður.

Samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar voru um 8.600 manns á atvinnuleysiskrá í lok desember, sem gefur 4,3% atvinnuleysi.

Meðalatvinnuleysi á árinu 2019 var 3,6%, bæði samkvæmt mælingum Hagstofunnar og Vinnumálastofnunar. Á undanförunum árum hefur atvinnuleysi samkvæmt úrtakskönnun Hagstofunnar yfirleitt verið meira en skráð atvinnuleysi. Þessi munur hefur heldur minnkað á síðustu árum og var enginn á síðasta ári.

Síðustu fimm ár hafa tölur Hagstofunnar sýnt að meðaltali 3,2% atvinnuleysi á meðan tölur Vinnumálastofnunar um skráð atvinnuleysi sýna 2,7%. Tölur Hagstofunnar voru hærri öll árin. Skráð atvinnuleysi hefur aukist stöðugt á seinni hluta ársins, sem er í góðu samræmi við umræðuna í samfélaginu. Niðurstöður Hagstofunnar sýna hins vegar að atvinnuleysi hafi verið nokkuð stöðugt síðustu fjóra mánuði ársins. Tölur Hagstofunnar





sveiflast jafnan mikið á milli mánaða þannig að síðustu tölur þaðan eru frekar óvenjulegar miðað við tölur síðustu ára. Hugsanlegt er að þróunin í átt til minni atvinnu komi jafnframt fram í tölum um minnkandi atvinnuþátttöku.

Atvinnuþátttaka minnkar enn

Meðalatvinnuþátttaka á árinu 2019 var 81% samanborið við 81,7% á árinu 2018 og 82,6% á árinu 2017. Atvinnuþátttakan hefur því minnkað nokkuð stöðugt á síðustu misserum og var undir 80% í lok ársins. Það er ekki ólíklegt að tölur um minnkandi atvinnuþátttöku sýni að einhverju leyti aukið atvinnuleysi. Tölur úr úrtakskönnunum Hagstofunnar um atvinnuleysi hafa ekki fylgt tölum um skráð atvinnuleysi á síðustu mánuðum og því ekki ólíklegt að verri staða á vinnumarkaði komi að einhverju leyti fram í tölum um atvinnuþátttöku.




Vinnuaflsnotkun eykst

Sé litið á vinnutíma þá var meðalvinnutími ársins 2019 sá sami og var á árinu 2018. Starfandi fólki fjölgaði hins vegar að meðaltali um 2,2% milli ára þannig að fjöldi unninna stunda jókst á milli ára.

Sé litið á þessa þróun eftir ársfjórðungum er staðan sú að starfandi fólki fjölgaði um 0,4% á milli 4. árfjórðungs 2018 og 2019. Meðalvinnutími lengdist um 1% frá sama tíma og í fyrra og heildarvinnuaflsstungum fjölgaði því um 1,4% frá 4. ársfjórðungi síðasta árs. Vinnuaflsnotkun hefur aukist nær samfelld allt frá árinu 2012, mestmegnis vegna þess að starfandi fólki hefur fjölgað á vinnumarkaði. Svo virðist sem sköpun starfa hafi haldist nokkuð vel í hendur við fjölgun á vinnumarkaði á þessum tíma.

Staðan betri en hefði mátt ætla

Snemma á árinu 2019 var reiknað með að atvinnuleysi myndi aukast töluvert eftir því sem liði á árið og að staða á vinnumarkaði myndi versna. Þróunin hefur sem betur fer verið hægari en reiknað var með. Skráð atvinnuleysi hefur að vísu aukist um rúmt eitt og hálf prósentustig frá síðustu mánuðum ársins 2018, en atvinnuleysi samkvæmt tölum Hagstofunnar var ekki mikið meira í lok ársins 2019 og var á sama tíma 2018.





Líklegt má telja að atvinnuleysi muni aukast eitthvað á næstu mánuðum, en almennt er reiknað með því að á árinu 2020 taki aftur að birta yfir efnahagslífinu og að atvinnustigið muni þá batna.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.